

# Morse byltumat

Hafið eftirfarandi leiðbeiningar við höndina þegar Morse byltumat er framkvæmt

Tafla 1. Byltumat Morse		Stig
1. Sjúklingur hefur áður hlotið byltu	Nei	0
	Já	25
2. Sjúklingur hefur fleiri en eina sjúkdómsgreiningu	Nei	0
	Já	15
3. Sjúklingur þarf aðstoð við gang engin aðstoð / er rúmliggjandi / aðstoðarmaður hækja / stafur / göngugrind heldur sér í húsgögn	Já	0
	Já	15
	Já	30
4. Sjúklingur fær vökva í æð / er með æðalegg	Nei	0
	Já	20
5. Göngulag sjúklings er eðlilegt / rúmlega / hjólastóll óstöðugt verulega óstöðugt	Já	0
	Já	10
	Já	20
6. Andlegt ástandi sjúklings: er meðvitaður um eigin getu ofmetur eigin getu / gleymir eigin takmörkunum	Já	0
	Já	15
Samtals stig		

Tafla 2. Skýringar með matstækinu
1. Ef sjúklingur hefur dottið í þessari legu eða stuttu fyrir innlögn fær hann 25 stig.
2. Ef sjúklingur er t.d. með sykursýki og háþrýsting telst hann vera með fleiri en eina sjúkdómsgreiningu.
3. Ef sjúklingur er í hjólastól skal hann metinn samkvæmt hreyfigetu við að komast úr og í stólinn.
4. Ef sjúklingur er með æðalegg fær hann 20 stig.
5. a) Eðlilegt göngulag: Sjúklingur gengur með höfuðið hátt ber og sveiflar höndum frjálsglega. b) Óstöðugt göngulag: Sjúklingur gengur álútur en getur borið höfuðið hátt. Hann grípur e.t.v. létt í húsgögn en það er meira til öryggis. Skrefin eru stutt og sjúklingur dregur fæturna með gólfi. c) Verulega óstöðugt göngulag: Sjúklingur getur átt erfitt með að standa upp úr stól, hann er álútur vegna jafnvægisleysis og grípur í húsgögn, hjálpartæki eða aðstoðarmann. Skrefin eru stutt og hann getur ekki gengið án hjálpar.
6. Andlegt ástand er metið með því að spyrja sjúklinginn t.d. hvort hann telji sig geta farið einn á salerni og ef hann metur ástand sitt á raunhæfan hátt fær hann ekkert stig.